

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Breytt deiliskipulag á hafnarsvæði H-1, Strandvegur 14A og 18.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar á fundi sínum þann 28. mars 2019 breytingar á deiliskipulagi á hafnarsvæði H-1.

Samþykkt tillaga gerir ráð fyrir breytingum á byggingarskilmálum reita nr. D1 og D3, lóðir Ísfélags Vestmannaeyja við Strandveg 14A og 18.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 20. ágúst 2019,

Sigurður Smári Benónýsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 4. september 2019